

## Maður eða kona?

*Lýst eftir aðalpersónum í skáldsögu Jóns Thoroddsen*

„En með því að ímynda yður falsreglur hafið þér fundið eitthvað . . .“

„Þarna sagðirðu mjög fallegan hlut, Adso, þakka þér fyrir það. Reglan sem hugur okkar ímyndar sér er eins og net, eða eins og stigi, sem maður smíðar sér til að ná einhverju. En á eftir verður maður að kasta stiganum, vegna þess að maður uppgötvar að, enda þótt hann hafi komið að gagni, var hann sjálfur meiningarlaus.“

Nafn rósarinnar<sup>1</sup>

Þegar aðalpersóna *Nafns rósarinnar*, Vilhjálmur af Baskerville, getur nafngreint og lýst hesti sem hann hefur hvorki séð né heyrt um fyllast allir viðstaddir – lesandinn þar með talinn – lotningu fyrir ályktunarhæfni hans. Aðferð Vilhjálms er þó sáraeinföld. Hún felst í að ráða í þau tákni sem verða á vegi hans, hann líkir heiminum við stóra bók sem bíður þess að verða lesin. Þetta atvik gerist í upphafi sögunnar þegar Vilhjálmur er á leið til dvalar í klaustri því sem verður síðan meginsögusvið bókarinnar. Vilhjálmur er ekki fyrr kominn inn fyrir klausturveggina en lík fara að hrannast upp í kringum hann. Ýmis tákni benda til að morðingi sé á sveimi og Vilhjálmur leggur allt kapp á að lesa þessi tákni og greina samhengi þeirra, ríða net til að veiða sökudólginn í.

Þessi grein fjallar ekki um *Nafn rósarinnar* en verkefni okkar er ekki ósvipað verkefni Vilhjálms. Við erum að vísu ekki á höttum eftir morðingja, enda engan slíkan að finna í þeirri atburðarás sem við ætlum að rannsaka hér, skáldsögunni *Manni og konu* eftir Jón Thoroddsen. Við höfum þess í stað í hyggju að leita uppi aðalpersónur verksins, þær persónur sem gegna meginhlutverkum í sögunni og hafa mesta þýðingu fyrir framvindu hennar.<sup>2</sup> Í þeirri leit þurfum við að beita aðferð Vilhjálms, lesa í tákni verksins, finna verksummerki sem koma upp um þann „seka“.

### *Vettvangsrannsókn*

*Maður og kona* var fyrst gefin út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags árið 1876 en þá voru átta ár liðin frá dauða höfundarins. Af heimildum má ráða að Jón hafi undir það síðasta ætlað verki sínu þetta nafn en áður hafði

hann nefnt söguna *Fólkið í Hlíð*, *Hlíðarhjónin* og *Bóna og konu*.<sup>3</sup> Jóni entist hins vegar ekki aldur til að leggja síðustu hönd á verkio; hann skipti því í tvo hluta og var skammt á veg kominn með þann síðari þegar hann féll frá fimmtugur að aldri. Síðustu æviár sín hafði Jón ritara í þjónustu sinni, Þórð nokkurn Grímsson. Vann hann að því veturinn 1867–68 að hreinrita handrit Jóns að *Manni og konu* og er verkioð aðeins til í hreinriti Þórðar. Tveimur árum eftir andlát Jóns tók Þórður síðan saman efniságríp söglokanna samkvæmt því sem Jón hafði sagt honum og hefur það fylgt öllum útgáfum verksins til þessa.

Að efninu til er *Maður og kona* ástarsaga byggð á ævafornu bókmennta-myndri sem rekja má aftur til nýja gamanleiksins en hann átti upphaf sitt í Grikklandi á 4. öld f. Kr. Ólíkt gamla gamanleiknum, sem var klúr og hápólískur, fjallaði nýi gamanleikurinn venjulega um raunir elskenda. Þar var ekki deilt á nafngreindar persónur í þjóðlífinu eins og gert var í eldri skoplekjum heldur á lesti manna í einkalífinu. Arburðarás og persónur stöðnuðu fljótt innan þessarar greinar. Oftast var um að ræða úrillan karlskarf (Xenus) sem átti unga dóttur og stóð í vegi fyrir því að hún giftist sínum heitrelskaða. Faðirinn taldi biðilinn óverðugan enda ætlaði hann dóttur sinni annað mannsefni og voru lærði vitleysingurinn og montni hermaðurinn sigildir meðbiðlar. Klóki þrællinn (Servus) var hins vegar heilavinnur elskendanna og lagði á ráðin þeim í hag þannig að allt fór vel að lokum.

Í *Manni og konu* stendur séra Sigvaldi Árnason á Stað í vegi fyrir að elskendurnir, Þórarinn og Sigrún, fái að njótask. Eftir aðskilnað og þrengingar ræstist þó úr málum; elskendurnir ná saman en prestur fær makleg málagjöld. Á skjón við hina klassisku hefð er séra Sigvaldi mágur þiltsins og hefur hugsað sér að gifta hann hálfþræðri systur sinni, Guðrúnu. Í augum prestsins er Sigrún óverðug Þórarins þar sem hún er munadarlaus og af lágum stigum, en faðir hennar, Þorsteinn vinnumaður í Hlíð, verður úti í upphafi sögunnar. Eftir það er Sigrún alin upp hjá þeim Hlíðarhjónum, Sigurði og Þórdísi, en þau eru teiguliðar séra Sigvalda. Eins og vera ber er sagan af raunum þeirra Sigrúnar og Þórarins margþætt og baráttan tvísýn. Sigvaldi reynir til dæmis að gifta Sigrúnu luralegum bóndasyni þar í sveitinni, Agli Grímssyni, sem er áþekkur meðbiðlum nýja gamanleiksins. Hann er alhafni montins hermans úr Íslendingasögnum, Egils Skalla-Grímssonar á Borg, en þó lítið hraustmenni. Þegar kvonbænir Egils bera ekki árangur kemur Sigvaldi þeim kvitti af stað að Egill hafi gert Sigrúnu barn og hyggst prestur þannig gera Þórarin henni afhuga.

Inn í þessa dæmigerðu ástarsögu fléttast önnur saga, frásögnin af viðskiptum prests og Hlíðarhjóna. Um miðbik sögunnar missir Þórdís eigin-

mann sinn, en Sigvaldi hefur með brögðum náð af honum jarðarparti, einu fasteign þeirra hjóna. Þórdís snýst til varnar gegn presti en veitir miður. Þegar þarna er komið sögu lýkur sjálfu verkinu en samkvæmt endursögn ritarans af söglokunum átti Sigvaldi eftir að úthýsa Þórdísi og Sigrúnu frá Hlíð áður en Sigrún og Þórarinn næðu saman. Í sameiningu áttu Þórdís og hjónaleysin loks eftir að gjalda presti rauðan belg fyrir gráan; þeir góðu skyldu vinna sigur en skúrkurinn fé á baukinn.

### *Undir grun*

Árið 1887 birtist í bandaríska tímaritinu *New Englander and Yale Review* grein eftir William H. Carpenter um Jón Thoroddsen og verk hans. Þar gerir Carpenter að umtalsefni hve skáldsagnaformið hafi átt erftitt uppdráttar á Íslandi og nefnir sagnfræðiahuga sem hugsanlega skýringu. „Hann hefur skefjalaust dálæti á því sannsögulega,“ segir Carpenter um hinn dæmigerða Íslending.<sup>4</sup> Rannsóknir Íslendinga á skáldsögum Jóns Thoroddsen voru lengi í fullu samræmi við þessa staðhæfingu, þær snerust um að leita fyrirmynda að sögupersónunum.<sup>5</sup>

Hæpið er að sögur Jóns lifðu enn með þjóðinni ef ekki kæmi fleira til en sansögulegur bakgrunnur. Sögunnar eru skáldsögur og hafa gildi sem slíkar ar án skirskotana til einkalífs höfundarins. Tulkendur hafa líka hrósað Jóni fyrir lifandi þjóðlífslýsingar, fyndni og skáldlega skyggni<sup>6</sup> og sögur hans eru líklega kunnastar fyrir einfaldar og eftirminnilegar persónur, fulltrúa ýmissa þjóðlegra einkenna. Frægust slíkra persóna er Groa á Leiti í *Pilti og stúlku* en í *Manni og konu* má geta þeirra Bjarna á Leiti, Hjalmar tudda og Þuríðar gömlu í Hlíð. Bjarni lifir í heimi íslenskra fornsagna, Hjalmar er umskiptingur og Þuríður forspá og skygg. Það liggur samt í augum uppi að þessar persónur geta ekki talist í hópi aðalpersóna *Manns og konu*. Þær gegna litlum hlutverkum og hafa takmarkaða þýðingu fyrir framvindu frá-sagnarinnar.

Í samanburði við þessar aukapersónur eru persónulýsingar elskendanna í *Manni og konu* hins vegar einkar litlausar. Þau Sigrún og Þórarinn eru of hversdagsleg, daufleg og einhliða til að vekja áhuga lesenda þótt saga þeirra kunní að gera það. Þetta er ekkert einsdæmi um ástarsögu en samkvæmt þeirri forsendu sem við gefum okkur er fráleitt að tala um þau skötuþjú sem aðalpersónur eða söguhetjur: Þau hafa lítil sem engin áhrif á framvindu sögunnar og ástir þeirra eru aðeins einn þeirra þátta sem atök verksins standa um.

Við rannsókn á því hvaða persónur hafi úrslitabýðingu fyrir framvindu sögunnar berast böndin fljótt að séra Sigvalda. Hann hlutast til um málefni elskendanna og verður vel ágeengt. Á sama hátt stjórnar presturinn Sigurði

bónda í Hlíð og raunar flestum persónum sögunnar. Sú eina sem stendur uppi í hárinu á honum og keppir við hann um aðalhlutverkið í *Manni og konu* er Þórdís húsfreyja.

### Glepanaður og kona

Þegar forngrískir heimspekingar skipuðu skynseminni í öndvegi voru þeir ekki að vegsama hreina rökhugsun, andstæðu tilfinninganna, eins og fólk er tamast nú á tímum, heldur var skynsemin skilgreind sem andstæða óf-beldis. Þessi andheiti fólu meðal annars í sér andstæður góðs og ills, réttlætis og ranglætis, sannleika og lygi. Rökhugsun manna og tilfinningar gátu samkvæmt þessu ýmist hneigst til skynsemi eða óf-beldis. Í *Manni og konu* má líta á Þórdís og Sigvalda sem fulltrúa þessara andstæðna. Þórdís er réttisýn, góð og skynsöm en séra Sigvaldi er óf-beldisseggur, bæði ranglátur og lygin.

Engu að síður má finna vissar hliðstæður með prestinum og Þórdísi. Þrátt fyrir að Sigvaldi geti ekki talist skynsamur á þennan forngríska mæli-kvarða er hann manna hyggnastrur og á því sviði er Þórdís eina persóna bókarinnar sem stendur honum á sporði. Hún grunar hann um græsku þegar í upphafi og reynir að hindra að hann komi áformum sínum í fram-kvæmd. Sigurður bóndi hennar er á hinn bóginn einfaldur og hrekklaus, Þórdís tekur af skarið í öllum þeirra málum. Það sama á við um málefni elskendanna, þeir verða skjólstæðingar Þórdísar sem gegnir að vissu leyti sama hlutverki og þrællinn í nýja gamanleiknum. Það sem kemur í veg fyrir að *Maður og kona* sé einvörðungu dæmigerð ástarsaga sem endar vel, er að átök Þórdísar og Sigvalda, átök skynseminnar og óf-beldisins, karlsins og þrælsins, eru í brennidepli. Það liggur því beint við að líta á bókari-títilinn í nýju ljósi. Hvorki elskendurnir né Hlíðarhjólin eru maðurinn og konan í verkinu. Þann sess skipa Sigvaldi og Þórdís.

Í viðskiptum þeirra hefur presturinn lengstum betur þótt hann bíði ósig-ur undir lokin. Hann er líka í sterkari stöðu en Þórdís; embættismaður gagnvart alþýðumanneskju, landeigandi gegn leiguliða, sá ríki andspænis fátækum einstæðingi þegar fram í sækir. Síðast en ekki síst er Sigvaldi maður en Þórdís kona. Þannig er ekki nóg með að sagan lýsi átökum elskenda við forræði eldri kynslóðar heldur segir hún frá baráttu einstakl-ingsins við valdhafann, óreigans við eignastéttina, konunnar við karlveldið, svo notuð séu sígild hugtök hugmyndarynenda.

Vanmáttur Þórdísar kemur meðal annars fram í upphafi seinni hluta verksins þegar Sigrún kemur að föstru sinni grátandi. Þórdís segir um samskipu síu við Sigvalda:

... það er auðséð, að honum er alvara, blessuðum, að krækja í kotið, og það er líklegast, að honum tækist það; það sér á, að ég er kvenvæfla og á engan að og sít nokkurn þann, sem hefur vit og kjark til að rétta hluta minn, ... (241)<sup>7</sup>

„Kvenvæflan“ hefur samt ekki í hyggju að gefast upp fyrr en í fulla hnefana en samkvæmt endursögn af sögulokunum tekst henni ekki að rétta sinn hlut fyrr en hún fær karlmann með „vit og kjark“ í lið með sér, Þórarin unnusta Sigrúnar, sem þá hefur fengið prestsembætti. Í ágripi sögulokanna segir svo um viðureign þeirra við Sigvalda:

... stefnir Þórarinn séra Sigvalda um öll undanfárin hrekkjabrögð við sig og þær föstrur; fylgdi hann því máli svo fast, að séra Sigvaldi guggnaði nú fyrir alvöru, einkum er þau Þórdís og hann höfðu talast við fyrir rétti. (263)

Enda þótt réttlætið sigri að lokum hróflar sagan ekki við óréttlátu valda-mynstri samfélagsins. Kona fær engu áorkað án þess að karlmaður í valda-stöðu leggi henni lið.

Rannsókn okkar á *Manni og konu* hefur nú leitt nægjanlega mikið í ljós til að hægt sé að höfða mál gegn aðalpersónu verksins. Að vísu hefur grunur fallið á tvær persónur, séra Sigvalda prest á Stað og Þórdísi hús-freyju í Hlíð, en okkur sækjendum þykir sýnt að Sigvaldi siji einn uppi með glæpin. Meginástæðan er sú að hann á upptökin að átökum þeirra Þórdísar, hann er gerandinn í sögunni og án hans væri ekkert í frásögur færandi. Söguhöfundur<sup>8</sup> bendir sjálfur á þetta atriði. Þegar klerkur kemst í lífsháska í áttunda kafla bjargast hann naumlega, „því hefði hann fengið banamein sitt þar ...“, segir söguhöfundur, „mundum vér hafa orðið að slá botninn í söguna“ (95).<sup>9</sup> Þessi vitnisburður gefur fullt tilefni til að draga Sigvalda einan til ábyrgðar. Málssóknin gegn honum er hins vegar rétt að hefjast og þess ber að minnast að menn eru ekki fundnir sekir fyrr en sekt þeirra hefur verið sönnuð.

### Ákeruvaldið gegn séra Sigvalda

Fyrsta vitnisburðinn um persónu Sigvalda er að finna í upphafsorðum *Manns og konu*:

Maður er nefndur Sigvaldi, hann var Árnason, Sigurðarsonar, Hjaltasonar, Gunnarssonar glænefs úr Grafningi. Móðir Gunnats glænefs var Þorgerður í rauðum sokkum, Eyjólfsdóttir hins digra, Jónssonar, Finnssonar, Bjarnason-

ar skyrbelgs; hann dó í svartadaða og andaðist, eftir að hann hafði étið í einu átta merkur af ólekju. Þessi ætt verður ekki lengur takin því að fáar ættartölubækur ná fram yfir svartadaða. (13)

Með því að hefja frásögnina á ættartölu prestsins er látið í það skína að séra Sigvaldi skipi sérstakan sess í sögunni, hann sé aðalpersóna eða einhvers konar áhrifavaldur. Um leið er gefin glögg hugmynd um hvern mann presturinn hafi að geyma en vísbendingar um það leynast í viðurnefnum forfedra hans, þeirra Eyjólfss digra, Gunnars glænefs og Bjarna skyrbelgs. Öll eru viðurnefnin neikvæð, í senn niðrandi og skopleg. Viðurnefnið digur merkir drembinn eða feitur. Síðarnefnda merkingin bendir til ágrindar eða græðgi og sagan af Bjarna skyrbelg sannfærir mann um að þá eiginleika megi finna í ætt séra Sigvalda. Ólekja er óstað, vont skyr en átta merkur eru rúmlega 1700 grömm. Af sögunni að dæma var græðgi Bjarna því slík að hann gat ekki beðið þess að skyrið yrði fullunnið og ekki hindraði óbragð-ið hann í að éta þessi firn.

Athygli vekur að ættartalan hefst í svartadaða. Á þeim tíma skipu margar jarðeignir um eigendur; voldugar og rötgrónar ættir liðu undir lok en nýjar efnuðust þegar fjöldi erfðagóssa safnaðist á fárra hendur. Það má geta sér til að ætt séra Sigvalda komist í áhrif við þessar aðstæður. Varla gátu nema vel stæðir menn leyft sér að éta átta merkur af skyri í einu og líklega var aðeins nýríkum almúgamönnum trúandi til að hegða sér eins og Bjarni. Hugsanlegt er að hann hafi stolið skyrinu en það er sist skárri vitnisburður. Hvað sem slíkom smáatriðum líður má draga þá ályktun af upphafsorðum verksins að séra Sigvaldi á Stað sé illa ættaður, skopleg og ágjörn persóna líkt og forfedur hans.

Önnur vísbending um persónuleika Sigvalda er mismunandi viðhorf hjónanna í Hlið til hans. Sigurður lítur á hann sem vin sinn og velgjörðamann en Þórdís húsfreyja treystir honum varlega og lætur í ljós efasemdir um að klerki sé jafn annt um hæg þeirra hjóna og hann vill vera láta. Með þessum ólíku skoðunum á ágæti Sigvalda er gefið í skyn að hann sé ekki allur þar sem hann er séður, grunsemdum er lætt að lesandanum áður en prestinum er lýst beint. Því er við að bæta að feigðarför Þorsteins vinnumanns, föður Sigrúnar, er farin fyrir orð séra Sigvalda. Þótt ekki sé hægt að segja að prestur eigi sök á dauða Þorsteins kemur hann þarna við sögu sem handbendi illra örlaga.

Þegar líður á verkið kemur á daginn að þessar vísbendingar í fyrstu köflum sögunnar gefa rétta hugmynd um innræti prestsins. Hann er ágjarn, skoplegur, útsmoginn og lætur illt af sér leiða.<sup>10</sup> Því hefur verið haldið fram að saga séra Sigvalda sé saga um ofdramb og fall, *hybris*,<sup>11</sup> en rétt er að

benda á að við túlkun á forngrískum skáldverkum og Íslendingasögnum, á *hybris* jafnan við hetju sem ferst vegna þess að hún hreykist of hátt. Að okkar dómi er presturinn fremur á valdi ágrindar en ofdramb. Saga hans, rétt eins og saga Bjarna skyrbelgs, er harmsaga manns sem ferst vegna græðgi sinnar. Sigvaldi er illmenni, ekki hetja.

Það er athyglisvert að þótt skopast sé að séra Sigvalda og honum lýst sem hreinræktuðu illmenni – látið er hjá liða að skýra ástæður gjörða hans og hugsjónir – verður hann bæði sannfærandi og áhugaverður. Sigfus Blöndal benti á þetta í ritgerð um Jón og sögur hans og fullyrti meira að segja að lýsingin á séra Sigvalda væri með þeim bestu í íslenskrri skáldsagna-gerð.<sup>12</sup> Sama viðhorfs gætti í ritdómi sem birtust í *Þjóðólf* 1876 þar sem sagði: „Presturinn er ágætlega kýmíleg persóna, en þó fullkomlega náttúruleg.“<sup>13</sup> Þetta skýrist ef athuguð er afstada söguhöfundar til Sigvalda og sú aðferð sem notuð er við að lýsa prestinum.

### Söguhöfundur yfirþeyrður

Í *Skáldatíma* fjallar Halldór Laxness á einum stað um lítið ástarkvæði eftir Jóhann Sigurjónsson og talar í því sambandi um „kínversku aðferðina“, það listbragð að láta þögnina tala, segja hið undursamlegasta „... með því að fella alt undan nema þá drætti sem virðast tilviljunin sjálf; og óendanleikann.“ Hann bætir við:

Aðalatrið má aldrei segja með orðum, því um leið og það er sagt, þá er það ekki leingur til; eða réttara sagt: orðið til – og óendanleikinn á enda.<sup>14</sup>

Þessi hugmynd á sér djúpar rætur, meðal annars þá skoðun að með sköpun sinni tákist listamanninum að höndla eitthvað sem er í rauninni óhöndlanlegt. Þannig hefur verið talað um fagurfræðina sem heimspeki þess ósegjanlega.<sup>15</sup>

Sé lítið í *Mann og konu* má sjá tilburði í þessa átt. Eitt besta dæmið er þar sem sagt er frá því þegar Þórarinn og Sigrún horfast djúpt í augu í fyrsta sinn og ástun kviknar með þeim:

Ekki var tillit þetta langt, en svo var það lagað, að vel mættum vér trúá því, að þeir, sem vitað hefðu, hvað í því lá, gætu betur ímyndað sér það en fært það í letur. (70)

Hér er þögnin krafín sagna, aðalatriðinu eru ekki gerð skil með orðum heldur er lesandanum látið eftir að fylla í eyðuna. Þarna vekur söguhöfundur athygli á því bragði sem er lykillinn að persónulýsingu Sigvalda. Megineinkenni hennar er einmitt vægi þess ósagða. Söguhöfundur ýjar að

ýmsum einkennum í fari séra Sigvalda en tekur um leið fram að hann sé í rauninni ófróður um hagi prests og gjörðir. Þessa eru víða dæmi:

... var hann nærri orðinn prófastur . . . en svo atvikaðist samt, að ekki öðlaðist hann þá tign; látum vér oss litlu varða, hverjar orsakir til voru, enda höfum vér fáar sögur um embættisstörf séra Sigvalda eður hluttekning hans í alþýðlegum málum . . . (56)

Ekki höfum vér neinar sannar fregnir um það, hvernig farið hafi um áheit það, er séra Sigvaldi gjörði kirkjunnari á Stað . . . ; þó getum vér ekki borið á móti því, að oss virðist það ei alllitið vafamál, hvað orðið hafi um efningu þess heits . . . (93)

Á svipaðan hátt er ekki sagt berum orðum að Sigvaldi komi af stað orðrómnnum um þungun Sigrúnar og falsi bréf til að rægja hana við Þórarin; það er aðeins gefið í skyn. Söguhöfundur ber líka fyrir sig almannaróm og er með dylgjur:

... var honum þá veitt brauðið að Stað, og gengu um það ýmsar sögur, með hverjum atburðum það hafði orðið. Aldrei þótti séra Sigvaldi neinn atburða kennimaður, enda sögðu kunnugir hann fremur æfa sig í að lesa ræður, með hvaða hönd, sem þær væru ritaðar, en í því að semja þær sjálfur; . . . (58–9)

Niðurstaða okkar er að persónulýsing Sigvalda sé góð vegna þess hvað lesandanum er látinn eftir stór hluti hennar. Rétt eins og persónur sögunnar veit lesandinn ógjörta hvar hann hefur séra Sigvalda. Ýmislegt í fari prestsins þekkir hann aðeins af óljósri afsögn en gerir sér því meiri hugmyndir sjálfur, áþekkt því sem á sér stað í kynnum fólks á vettvangi dagsins. Blekkingin felst í því að lesandinn eignar söguhöfundinum sitt eigið ímyndunarafl en listfengi höfundarins felst engu síður í að virkja það.

Þegar að er gáð eru líkindin milli séra Sigvalda og söguhöfundar mikil, til dæmis er söguhöfundurinn ekki síður lævis en presturinn. Þetta kemur fram þegar vafasöm ættartala Sigvalda er rakin í því skyni að gera hann tortrygglegan. Þá minna þau dæmi sem tekin voru af aðferðum söguhöfundar við að lýsa Sigvalda á aðferðina sem prestur beittir þegar hann kemur sögunni um þungun Sigrúnar af stað. Sigvaldi talar um „ótætis kvisið“ (243) á sama hátt og söguhöfundur ber fyrir sig almannaróm. Munurinn er sá að við fáum staðfestingar fyrir dylgjum söguhöfundar eftir því sem líður á söguna en dylgjur Sigvalda reynast ekki á rökum reistar.

Höfudeinkenni séra Sigvalda er ágirnd og öðru fremur girnist hann völd, hann vill stjórna fólkinu í kringum sig. Vitanlega er það sama að segja um söguhöfundinn. Það sem skilur á milli er að söguhöfundur hefur völdin,

hann fléttar þræðina að vild og persónurnar, þar með talinn séra Sigvaldi, lúta duttlungum hans. Þetta veður þá spurningu hvort við höfum ekki farið villur vegar í leit okkar að aðalpersónu verksins. Söguhöfundurinn gegnir óneitanlega enn stærra hlutverki í verkinu en séra Sigvaldi og hefur úrslitaþýðingu fyrir framvindu þess. Þetta sést best á því að söguhöfundurinn dó með Jóni Thoroddsen og þar með var botninn sleginn í söguna jafnvel þótt efniþráðurinn hafi varðveist.

### Glæpur lesandans

Hér að framan höfum við kannað viðhorf söguhöfundarins til séra Sigvalda og við þá vitnaleiðslu hefur komið á daginn að sá fyrrnefndi verðskuldar sæmdarheitð aðalpersóna fremur en presturinn á Stað. Áður en dómur verður kveðinn upp er þó vert að huga nánar að hlutverki lesandans, en þegar hefur verið bent á þátt hans í persónulýsingu Sigvalda. Þar gerir söguhöfundur beinlínis ráð fyrir að lesandinn komi til móts við hann, taki þátt í sköpuninni. Í þessu sambandi hefur verið talað um að skáldsagnahöfundar „byggja“ ákveðinn lesanda inn í hvert verk.<sup>16</sup> Þessi innbyggði lesandi er meira að segja ávarpaður beint í *Manni og konu*:

Þegar menn lesa sögur, er það gömul og góð venja, að lesarinn staldri ögn við, þegar kapitlaskipti verða og áður en að hann leggur út í hinn næsta kapitula, . . . Eg efast ekki um, lesari góður, að þú hafir haft þessa reglu og staldrað dálítið við, þegar kapitlaskiptin urðu síðast; . . . (56)

Þarna stendur söguhöfundur frammi fyrir að þurfa að samræma veruleika skyn lesandans annars vegar og veruleika skáldsögunnar hins vegar. Hann veit að skáldskapurinn á allt undir því að lesandinn fallist á blekkingu hans. Sitt er hvað skáldskapur og raunveruleiki, eins og söguhöfundurinn bendir á í framhaldinu, en um leið biður hann lesandann að brúa það bil sem er þarna á milli:

. . . en ég vildi óska, að viðstaðan hefði að þessu skipti orðið í lengra lagi, svo að þú betur gætir ímyndað þér, hvað langt er frá því, að þú skildir við sögumennina í seinasta kapitlanum, hér að framan, þangað til þú hittir þá aftur í þessum kapitla. Það eru sum sé líðin sjö ár síðan, og þú verður að meðtaka það með trúnni sem sannleika. (56)

Þessar vangaveltur okkar tengjast rannsóknnum í viðtökufagurfræði, þeirri grein bókmenntafræðinnar sem fjallar um hlut lesandans í sköpun bókmenntatexta. Samkvæmt þeim er líf textans og merking að miklu leyti undir lesandanum komin. Textinn verður fyrst til þegar hann er lesinn og

„raungerist“ í huga einhvers lesanda og sú „raungerving“ er breytileg frá einum til annars.<sup>17</sup> Margvíslegir þættir hafa áhrif á þessa sköpun, til að mynda menntun lesandans og fordómar, ytri aðstæður og tími og það á hvaða forsendum hann nálgast textann. Þannig verður *Maður og kona* til dæmis annað verk fyrir okkur, sem þetta skrifum, en Dr. Rosenberg til ritdæmi verkið árið 1876.

Í samræmi við þetta er freistandi að endurskoða niðurstöðurnar hér að framan og fullyrða að í hverju skáldverki gegni lesandinn aðalhlutverki. Hann hefur úrslitaáhrif á framvindu sögunnar; hún er undir því komin að hann haldi áfram lestrinum og merking hennar mótast auk þess af forsendum hans. Þar sem við höfum gegnt hér hlutverki lesanda *Manns og konu* er nú eins komið fyrir okkur og Ódipusi þegar hann leitaði að morðingja föður síns; við finnum okkur sjálf sek um að vera aðalpersónur verksins. Maður og kona þess eru höfundar þessarar greinar.

Hér að framan var bent á hvernig söguhöfundurinn og presturinn beita sömu brögðum. Þeir láta báðir sem vitneskja þeirra sé minni en hún er í þeim tilgangi að blekkja saklaust fólk, persónur sögunnar jafnt sem lesendur hennar. Vissulega erum við seld undir sömu sök í þessari ritsmíð. Hún kemur lesanda fyrir sjónir sem heil og samfelld hugsun þar sem ein niðurstaða leiðir til annarrar. Þetta er þó blekking ein. Við ýjum að ákveðnum túlkunum og þykjumst ekki vita betur þá stundina en að þær standist en síðan hrekjum við þær með rökum sem okkur voru kunn allan tímann.

Að endingu finnst okkur sjálfsgagt að bíta höfuðið af skömminni með því að beita eigin aðferðum á þennan texta sem þú, lesandi góður, ert að ljúka við að lesa. Textinn varð ekki til fyrir en þú hófst lesturinn og í samræmi við fyrri rökfærslur okkar hefurðu fullt umboð til að líta á þig sem aðalpersónu í þessari grein og þar með í *Manni og konu*. Hins vegar máttu íhuga að sú mynd sem þú gerir þér af verkinu eftir lesturinn er alröng, altént verulega smættuð. Þegar við lásum söguna gerðum við okkur sem *lesendur* hugmyndir um það hvernig hún væri í raun og veru. Þær hugmyndir einskorðuðust við afmarkað sjónarhorn en út frá þeim gerðum við okkur sem *túlkendur* ákveðnar hugmyndir um það hvernig við skyldum fjalla um söguna. Þeim hugmyndum reynum við sem *höfundar* að koma til skila í þessum texta. Á hverju þessara þriggja stiga hefur sagan skroppið saman, ef svo má að orði komast, minnkað, einfaldast og fjartægst upphaflega gerð sína. Þegar þú lest þennan texta okkar heldur þessi upplausn áfram þannig að þótt þú leikir aðalhlutverk þessa stundina er það sannast sagna lítið hlutverk í löginni sögu. Nú kann þér aftur á móti að vera nóg boðið og við eigum þann kost vænstan að fara að dæmi séra Sigvalda; segja Amen eftir efninu.

## Heimildir

- 1) Umberto Eco. *Nafn rósarinnar*. Thor Vilhjálmsson þýddi. Svart á hvítu, Reykjavík 1984, bls. 459.
- 2) Sbr. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. (Ritstj. Jakob Benediktsson), Bókmenntafræðistofnun H.Í. – Mál og menning, Reykjavík 1983. Um aðalpersónu bls. 13.
- 3) Steingrímur J. Þorsteinsson. Formáli að *Manni og konu*. Reykjavík 1968, bls. 8. Upplýsingar um æviatriði höfundar eru fengnar úr nefndum formála og öðrum slikum eftir Steingrímur í *Íslenskum úrvalsritum: Jón Thoroddsen. Ljóð og sögur*. Bókaútgáfa Menningarssjóðs, Reykjavík 1950.
- 4) Carpenter, William H. „An Icelandic novelist“. *New Englander and Yale Review* – maí, New Haven 1887, bls. 469.
- 5) Þannig hefur til dæmis verið talið að sagan af þrengingum elskendanna í *Manni og konu* og frásögnin af bréfatalsinu sem veldur aðskilnaði þeirra sé runnin frá sambærilegum atvikum er átru sér stað í lífi Jóns sjálfs og Þóreyjar móður hans. Annars er sagt að aðalkveikjan að *Manni og konu* hafi verið viðskipti Þóreyjar og prests nokkurs sem reyndi eftir lát manns hennar að ná af henni ábúðarrétti á Reykhólmum, þar sem hún bjó. Í ítarlegu riti um Jón og skáldsögur hans fjallar Steingrímur J. Þorsteinsson mikið um þessar fyrirmyndir. Hann helgar séra Sigvalda til dæmis langan kalla og er þráður þeirrar umfjöllunar að mestu bundinn við að sýna fram á að hve miklu leyti prestur einn fyrir vestan, Friðrik Eggertz, kann að vera fyrirmynd Jóns að Sigvalda (Steingrímur J. Þorsteinsson. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*. Helgafell, Reykjavík 1943, bls. 370). Þessu hafði verið haldið á lofti um langa hríð og niðjar séra Friðriks jafnvel kvatt sér hljóðs til að andmæla þessu. (Sbr. Guðmundur Eggertz. „Breiðafjarðarheimili fyrir 50 árum“. *Jörð*, 2. hefti, 3. árg., Reykjavík 1943).
- 6) Sbr. Ólafur Jónsson. „Ártið Jóns Thoroddsen“. *Skrínir*, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, 142. árg., Reykjavík 1968, bls. 7–11.
- 7) Jón Thoroddsen. *Maður og kona*. Helgafell, Reykjavík 1968. Vitnað er til blaðsíðutals þessarar útgáfu bókarnnar innan sviga á eftir hverri tilvitnun.
- 8) Maður og kona er 3. persónu frásögn með alvitrum söguhöfundum sem lætur þó stundum eins og vitneskja hans sé mjög takmörkuð. Söguhöfundur er „sá hluti rithöfundarins sem birtist í sögunni. Þessi söguhöfundur verður að vera sjálfum sér samkvæmur innan verksins, og hann breytist ekki.“ (Njörður P. Njarðvík. *Eðlisþættir skáldsögunnar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1981, bls. 33.)
- 9) Það má að vísu gefa því gaum að sagan er rétt rúmlega hálf sögð þegar Jón Thoroddsen deyr og verki hans lýkur. Í fyrri hlutanum hefur Sigvaldi yfirhöndina og getur þokað markmiðum sínum áleiðis. Það má aftur á móti gera því skóna að í þeim hluta sögunnar sem aldrei var skrifaður hefði dæmið snúist við, hlutur Þórdísar orðið stærri og hún náð yfirhöndinni í samskiptum þeirra. Þessa sér þegar stað í fyrstu köflum seinni hlutans, í samræðum þeirra presta og í samtölum Þórdísar og Sigrúnar.

*Tímarit Máls og menningar*

- 10) Þetta kemur líka heim og saman við þær einkunnir sem ýmsir túlkendur hafa gefið séra Sigvalda Steingrímur J. Þorsteinsson kallar hann heimshyggjumanninn hempuklædda (*Jón Thoroddsen og skáldsögur hans*, bls. 370), Sigfús Blöndal talar um hann sem niskan, falskan prest („Jón Thoroddsen og den islandske nutidsromans ophav“, sérprent úr *Nordisk tidsskrift*, 2. árg., Stockholm 1929, bls. 77) og Sigurður Guðmundsson nefnir hann nurlara- og grúttarsal („Jón Thoroddsen“. *Skirnir*, tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, 93. árg., Reykjavík 1919, bls. 226).
- 11) Marthías Viðar Sæmundsson. *Ást og úilegð, form og hugmyndafræði í íslenskeri sagnagerð 1850–1920*. Bókautgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1986, bls. 58.
- 12) „Jón Thoroddsen og den islandske nutidsromans ophav“, bls. 81–82.
- 13) Dr. Rosenberg. „Ritdómur“. *Þjóðólfiur*, 3. blað – 29. árg., Reykjavík 20. nóv. 1876, bls. 11.
- 14) Halldór Laxness. „Mínúta í Stokkhólmi“, *Skáldatími*. Helgafell, Reykjavík 1963, bls. 123–4.
- 15) Sjá m.a.: Eco, Umberto. *A Theory of Semiotics*. Indiana University Press, Bloomington 1979, bls. 265.
- 16) Sjá meðal annars: Wolfgang Iser. *The Implied Reader, Patterns of Communication in Prose Fiction from Bunyan to Beckett*. The John Hopkins University Press, Baltimore and London 1974.
- 17) Sbr. *Hugiök og heiti í bókmenntafræði*. Um viðtökurannsóknir, bls. 298.

# TÍMARIT MÁLS OG MENNINGAR

Ritstjóri:

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Ritnefnd:

ARNI BERGMANN, EYJÓLFUR KJALAR EMLILSSON,  
INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR, PÉTUR GUNNARSSON.

Útgefandi: Bókmenntafélagið Mál og menning.

Ritstjórn og afgreiðsla: Laugavegi 18, sími 15199 og 24240.

Setning, umbrot og prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

|  | EFNI                                  |  |     |
|--|---------------------------------------|--|-----|
| EINAR BRAGI                                      | Kvöldsyn                              |  | 137 |
| SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR                        | Úr hænuhaus gagnrýnanda               |  | 138 |
| GUNNAR HARÐARSON                                 | Tvö ljóð                              |  | 145 |
| HÖRÐUR BERGMANN                                  | Eru framfarir háðar hagvexti?         |  | 147 |
| AÐALSTEINN SVANUR                                | Tvö ljóð                              |  | 159 |
| KRISTJÁN ÁRNASON                                 | Öldubróturin kargi                    |  | 160 |
| EINAR MÁR GUÐMUNDSSON                            | Austríð er rautt                      |  | 165 |
| JÓNAS ÞORBARNARSON                               | Tvö ljóð                              |  | 184 |
| GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON                         | „Eilífur kallar/kvenleikinn oss.“     |  | 187 |
| FRANZ KAFKA                                      | Dómurinn                              |  | 194 |
| EINAR KÁRASON                                    | Af þremur sagnamönnum                 |  | 208 |
| JÓDÍS JÓNSDÓTTIR                                 | Tvær órsögur                          |  | 218 |
| OLA LARSMO                                       | Sandurinn                             |  | 221 |
| GUNNAR HERSVEINN                                 | Naturprinsinn                         |  | 226 |
| SIGRÍÐUR RÖGNVALDSDÓTTIR og<br>JÓN KARL HELGASON | Maður eða kona?                       |  | 227 |
| PORGEIR PORGEIRSSON                              | Þrjú ljóð                             |  | 239 |
| JÓN STEFÁNSSON                                   | In memoriam                           |  | 241 |
| VÉSTEINN ÓLASON                                  | Umsagnir um bækur                     |  | 242 |
| EINAR MÁR JÓNSSON                                | Tvö ferðalög                          |  | 247 |
| MÁR JÓNSSON                                      | Vönduð útgáfa en gölluð<br>Hvalveiðar |  | 252 |

Kápa: Teikn, að hlura byggð á figúru eftir Kafka.

